

Umhverfisstofnun
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2014

Efni: Skipulagsáætlanir fyrir urðunarstað SORPU bs. á Álfsnesi

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 6. mars sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg um tímamörk sem aðalskipulag Reykjavíkur setur urðun á Álfsnesi. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort aðalskipulaginu er ætlað að setja urðun lyktarsterks úrgangs sérstök tímamörk umfram þau sem gilda um urðun annars úrgangs. Að beiðni Reykjavíkurborgar var frestur til að veita framangreindar upplýsingar framlengdur til 21. mars.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar fer með úrgangsmálin fyrir hönd borgarinnar. Það er mat sviðsins að aðalskipulagið gefi almennar heimildir um meðhöndlun úrgangs á umræddu svæði í Álfsnesi til ársins 2030 þar sem það er skilgreint sem iðnaðarsvæði I5 til þess árs (sjá bls. 59 í greinargerð A og sveitarfélagsupprátt).

Í skilgreiningu svæðisins í greinargerð (bls. 59) er vísað til eigendasamkomulags sveitarfélagsins frá 25. október 2014, varðandi tímamörk urðunar. Með þessari tilvísun í aðalskipulaginu, sbr. einnig aðalskipulagið 2001-2024, er einvörðungu verið að vísa til markmiða eigendasamkomulagsins um það hvenær urðun verður mögulega hætt í Álfsnesi (sbr. grein 1.4. í samkomulaginu) en ekki til tímasettra markmiða um urðun einstakra tegunda úrgangs.

Vakin er athygli á því að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til ársins 2024, markar einnig stefnu um sorpurðunarsvæðið í Álfsnesi. Þar er sambærileg tilvísun til eigendasamkomulagsins varðandi tímamörk. Eftirfarandi texta er að finna í svæðisskipulaginu (sbr. svæðisskipulagsbreyting staðfest í lok febrúar 2014):

„Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga samstarf um sorpflokkunar og förgunarstöðina Sorpu. Núverandi sorpförgunarsvæði er á Álfsnesi. Tímamörk urðunar á svæðinu miðast við eigendasamkomulag sveitarfélaganna og viðauka þess, dagsett 25. október 2013. Unnið verði í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs og markvisst dregið úr urðun úrgangs. Til að ná þeim markmiðum er gert ráð fyrir byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í grennd við núverandi urðunarstað, sbr. ofangreint samkomulag og viðauka þess. Starfsemi hennar í Álfsnesi getur haldið áfram þó hætt verði frekari urðun í Álfsnesi. Framtíðarsvæði fyrir sorpförgun, sem leysti Álfsnesið af hólmi hefur ekki verið valið. Ákvörðun um staðsetningu framtíðar urðunarstaðar verður tekin við heildar endurskoðun svæðisskiplagsins.“

Almennt eru ekki sett tímasett markmið eða ákvæði um starfsemi eða landnotkun í deiliskipulagi. Deiliskipulag verður að vera í samræmi við aðalskipulag, þar sem ákvæði um landnotkun miðast almennt við tímabil aðalskiplagsins eða þá sértæk tímabundin ákvæði (sbr. bls. 224-225 í aðalskiplaginu) ef áformað er að binda starfsemi við þrengri tímamörk en skipulagstímabilið. Tímamörk urðunar sem eru að finna í gildandi deiliskipulagi var undantekning frá þessari meginreglu. Væntanleg breyting á deiliskipulagi sorpförgunarstaðarins, sem þarf að ráðast í m.a. vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar, mun því ekki fela í sér tímasetningar um urðun á svæðinu eða einstaka þætti hennar.



Magn heimilisúrgangs í Reykjavík hefur minnkað undanfarin ár og endurvinnsla og endurnotkun í borginni aukist en umtalsvert magn af lífrænum efnum fellur til sem þarf að meðhöndla. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi vinni í átt að markmiðum um að hætta að urða lífrænan úrgang árið árið 2020 sem koma fram í gildandi Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland og Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Tilkoma stöðvarinnar mun einnig vera liður í að uppfylla markmið sem koma fram í landsáætluninni um að heildarurðun skuli vera undir 5% af tilfallandi úrgangi eftir 2025. Því munu forsendur urðunar í Álfsnesi breytast töluvert á næstu árum.

Að framansögðu er það álit Reykjavíkurborgar að ekki eru forsendur til að gefa starfsleyfi til 16 ára, nema með ákveðnum skilyrðum um heildarendurskoðun þess fyrir árið 2020, hafi ekki verið gerðar breytingar á eigendasamkomulaginu og/eða að stefnu um svæðið í nýju svæðisskipulagi fyrir þann tíma. Markmið og kröfur laga um að draga úr urðun mun ennfremur kalla á að starfsleyfið verði tekið upp innan fárra ára, enda verði þá komin reynsla á rekstur gas- og jarðgerðarstöðvar á svæðinu.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar og
Haraldur Sigurðsson verkefnisstjóri aðalskipulags.